

## lesbók

# Upplifanamaraþon

**Tilraunamaráðon** Listahátíðar í Reykjavík hófst um síðustu helgi. Listamenn og vísindamenn leiddu saman hesta sína í Hafnarhúsinu og létu reyna á þölmörk skynjunar áhorfenda. Greinahöfundar lýsa upplifun sinni á uppákomunni.

Eftir Jóhannes Dagsson  
jod3@hi.is

**E**inföld dæmi um samruna lista og vísinda eru vísur til að muna ákveðnar vísindalegar staðreyndir, eins og t.d. þessi,

Vaxandi tungl hefur vinstri skál er vísindalega sannað, skyrbjúg læknar skarfkál, skæði er langbest tannað. (Hringur Jóhannesson)

Hér er listrænt form notað til þess að geyma ákveðna vísindalega þekkingu. *Tilraunamaráðonið* í Hafnarhúsinu fjallar um þessi samskipti vísinda og listar, en í mun víðara samhengi. Þar var meira að segja farið með kveðskap af svipuðum toga, þó hann væri reyndar á öðru tungumáli og fjallaði um heldur flóknari staðreyndir en þær hvort tunglið er vaxandi eða hvernig skyrbjúgur verður helst kveðinn niður.

## Sniðmengi lista og vísinda

Aðgangur okkar að heiminum er í gegnum skynjun okkar á honum. List og vísindi eru tvö helstu kerfin sem við notum til að koma skikki á skynjanir okkar, eða fella þær í merkingarþættir heildir. List og vísindi eru þannig tvær tegundir þekkingar og það er því merkilegt hversu rækilega aðskildum þessum fyrirbærum er gjarnan haldið. Ástæður þess eru í meginatriðum tvær, annars vegar sú að lítið er á vísindin sem lokað kerfi sem skadlegt sé að hafi áhrif á öðrum sviðum. Önnur svið eru t.d. hvernig við ákveðum samfélagsgildi okkar, eða hvernig við eignum fyrirbærum merkingu. Hins vegar að vísindaleg þekking hafi með sannleika að gera, (sé sannreynanleg) en það hafi önnur þekking ekki. Eitt af því sem *Tilraunamaráðonið* gerir er að setja spurningarmerki við báðar þessar fullyrðingar. Tilraunin (experiment) hefur lengi verið sérstakt lukkuðyr vísindanna. Að eitthvað sé vísindalega sannað þýðir að það er prófanlegt og öðlast þannig tilkall til þess að vera talið almenn sannindi, sannindi sem gilda fyrir alla, en ekki bara einn. Til þess að viðhalda hugmyndinni um almennt gildi er gjarnan reynt að draga eins mikið úr áhrifum umhverfisins og hægt er. Tilraunastofan er erkiðæmi um slíka útlökun umhverfisins. Einn þátt virðist þó ekki auðsött að útlöku, en það eru áhrif skynjandans, þess sem gerir tilraunina. Skynjandinn er nauðsynlegur, bæði vegna þess að hann skráir það sem kemur út úr tilrauninni, en ekki síður vegna þess að hann gefur útkomunni merkingu. Það er þetta skref frá upplýsingum til merkingar sem er vandkvæðum bundið. Gott dæmi um vandkvæði af þessum toga er að finna í tilraunum til að útskýra skynjun okkar á litum. Litaskynjun er gott dæmi hér, bæði af því að það er augljóslega vandkvæðum bundið að gera grein fyrir henni og vegna þess að viðfangsefnið, litir, heyrir bæði undir vísindi og list. Vandinn við litaskynjun felst ekki í skynjuninni sjálfri, við skynjum lit í umhverfi okkar og erum nokkuð sammála um útkomuna, hvað er blátt, hvað er rautt og svo framvegis. Vandinn liggur í því að gera grein fyrir skynjuninni þannig að vel sé, það er að segja, að gera hana að almennum sannindum. Ótal leiðir hafa verið farnar til þess að reyna að svara þessari gátu, en enginn hefur getað komið heim og saman svari sem sæmileg sátt er um. Engin tilraun hefur ennþá verið þannig úr garði gerð, að hún færi sönnur á eina tilgátu frekar en aðra. Vandinn er sá að það liggur ekki ljóst fyrir hvort spurningunni, „er þetta rautt á litinn?“ verði svarað á vísindalegan hátt, eða hvort svarið liggur á sviði merkingar. Þó svo við getum mælt útgeislun ljóss frá ákveðnum yfirborðum og greint bylgjulengdir með mælitækjum með ýtrustu nákvæmni er ekki þar með sagt að við séum einhverju nær um hvað er rautt og hvað ekki. Það er ekki tryggt að þessar mælingar færi okkur nær því að vita hvað það er að



skynja rauða litinn. Ef við föllumst á að svarið við spurningunni hafi með merkingu að gera, þá virðist nokkuð augljóst, að einn helsti notandi lita, listamaðurinn, kunni að hafa eitthvað merkilegt fram að færa um það. Ekki nóg með það að listamenn skynji lit, eins og hverjir aðrir, heldur eru margir þeirra háðir þeim til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Þetta sniðmengi lista og vísinda er augljóst í *Tilraunamaráðoninu*, t.d. hjá Carlos Cruz-Diez sem stundað hefur tilraunir með liti, sem hvaða raunvísindamaður sem er hefði getað verið stoltur af. En það er jafnframt merkilegt að hjá honum er undirliggjandi ákveðinn skilningur á hlutverki þessara rannsókna, í félagslegu tilliti, sem ekki verður auðveldlega felldur að hugmyndinni um vísindi sem einangrað kerfi.

## Upplifun

Í inngangsorðum sínum að *Tilraunamaráðoninu* á föstudeginum og á fleiri stöðum þegar leið á dagskrána, bað Ólafur Elíasson áhorfendur/þátttakendur að leiða hugann að því hvernig þeir upplifðu atburðinn *Tilraunamaráðon*. Hann benti á að trúlega væri skynsamlegra að líta á allar tilraunirnar sem hluta af stærra verki, að hugsa sér ekki hvert atriði fyrir sig sem einangraðan hlut heldur reyna að koma auga á það sem tengdi þau saman. Hvort þessi nálgun er almennt skynsamleg eða ekki, skal ósagt látið, en í þessu tilfalli réð hann áhorfendum/þátttakendum heilt. Í algerlega praktískum skilningi var eiginlega ekki annað hægt. Atriðin voru stutt og dagskráin þétt og nánast engin hlé gerð. Magn upplýsinga og upplifana sem boðið var upp á var einfaldlega svo mikið að það varð ekki við neitt ráðið. Að lesa sýningarskrána þegar hún kemur út verður svo allt önnur upplifun. Heildartilraunin var um upp-

» Framtíð jarðar, áhrif mannsins á heiminn sem hann býr í, pólitískt ástand heimsálanna (Írak), framtíðarborgin, þjóðfélag framtíðarinnar, orkugjafar framtíðarinnar. Þetta eru allt efni sem bar á góma á föstudegi *Tilraunamaráðonsins*. Það sem batt þau saman var sú hugmynd að skynjun eða upplifun hefði eitthvað með þau, og lausn þeirra vandamála sem þau fela í sér, að gera.

lifun, bæði í þeim þrönga skilningi að reyna að búa til umhverfi þar sem áhorfendur/þátttakendur gætu upplifað eitthvað sem þeir hefðu ekki upplifað áður og í þeim víða skilningi að fjalla um upplifun okkar hvers á öðru og heiminum í kringum okkur. Á föstudeginum var gróft tekið ákveðin þróun í viðfangsefni tilraunanna frá skynjun, í mjög þröngum skilningi (t.d. Ísrael Rosenfield, Luc Steels og Hilmar B. Janusson) yfir í upplifanir í víðari merkingu. Upplifun eins og hún er skilin hér er frábrugðin skynjun í því, að ekki er hægt að hugsa sér upplifun, nema hún hafi einhvers konar merkingu eða innihald, þó ekki sé nema fyrir þann sem upplifir. Skynjun virðist hins vegar ekki þurfa að hafa slíkt innihald til þess að fara fram.

Framtíð jarðar, áhrif mannsins á heiminn sem hann býr í, pólitískt ástand heimsálanna (Írak), framtíðarborgin, þjóðfélag framtíðarinnar, orkugjafar framtíðarinnar. Þetta eru allt efni sem bar á góma á föstudegi *Tilraunamaráðonsins*. Það sem batt þau saman var sú hugmynd að skynjun eða upplifun hefði eitthvað með þau, og lausn þeirra vandamála sem þau fela í sér, að gera. Vera okkar í heiminum hefur áhrif á heiminn, ekki bara í þeim skilningi

að við skiljum eftir okkur fótspor af ýmsum gerðum, heldur einnig í þeim skilningi að vera okkar í heiminum hefur áhrif á hvernig við skynjum hann. Hvernig við skynjum okkur sjálf, hefur áhrif á hvernig við skynjum aðra einstaklinga og jafnvel má færa fyrir því rök að það hvernig við skynjum okkur sjálf, hafi áhrif á það hvernig við hegðum okkur gagnvart öðrum. Kannski mætti kalla þetta viðhorf jákvæða afstæðishyggju um skynjum. Þetta er ekki afstæðishyggja sem endar í merkingarleysi, heldur afstæðishyggja sem gerir ráð fyrir skynjandanum. Þessi aðferðafræði sækir fyrirmynd sína í fyrirbærafræði. Hugtök eins og margræðni (*ambiguity*) skynjunar leika t.d. stórt hlutverk hjá Maurice Merleau-Ponty. Maráðonið var eins og myndlíking fyrir þetta viðhorf, þar sem þekkingu af óteljandi sviðum lista og vísinda var att saman til að mynda ákveðna, en afstæða heild. Það var augljóst ósamræmi í útkomum tilraunanna innbyrðis, en það spillti ekki fyrir, þar sem það var fyrirfram gefið að ekki væri um ákveðinn hugmyndaskóla að ræða, heldur ættu tilraunirnar viðfangsefnið sameiginlegt. Þetta er auðvitað ekki vandalaus aðferð, frekar en aðrar aðferðir. Mesta hættan við þessa aðferð er sú að úr verði